



# Kennsluáætlun

Íslenska, veturinn 2018-2019

## 10. bekkur

**Kennari: Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir**

Traust kunnátta í móðurmáli er meginuppistaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáningu í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Nauðsynlegt er að nemendur átti sig á uppbyggingu málsins og efli þannig færni sína í málnotkun og skilningi. Bókmenntirnar og tungumálið eru menningararfur okkar sem ber að rækta vel.

### Lykilhæfni

Nám í íslensku á ekki eingöngu að auka þekkingu nemenda á greininni sjálfri heldur einnig að efla þætti sem snúa að nemandanum sjálfum s.s. tjáningu, samvinnu, gagnrýna hugsun, sköpunargáfu og ábyrgð á eigin námi. Með beitingu fjölbreyttra kennslu-, mats- og námsaðferða er stefnt að því að hlúa að þessum mikilvægu námsþáttum.

### Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

### Námsefni

Kennsluáætlunin byggir á þeim viðmiðum sem sett eru í Aðalnámskrá grunnskóla. *Korku saga, Nornadómur*, eftir Vilborgu Davíðsdóttur; *Logar*, texta- og verkefnabók í íslensku e. Davíð A. Stefánsson og Sigrúnu Valdimarsdóttur; *Málið í mark, óbeygjanleg orð*, verkefnabók í málfræði og stafsetningu; *Málvísir*, Handbók um málfræði handa grunnskólum e. Ingu Rósu Þórðardóttur og Jóhannes B. Sigtryggsson; *Gísla saga*, stytt og endurgerð. Auk þess skulu nemendur velja sér frjálislestrarbækur á íslensku (í samráði við kennara) fyrir yndislestur.

### Námsmat

- Heimalestur
- Safnmappa og sýnisverkefni
- Málfræðikönnun I, II og III
- Gísla saga: Verkefnavinna og lokaverkefni
- Fréttalota
- Korku saga: Verkefnavinna og lokaverkefni

Beitt verður leiðsagnarmati þannig að nemendur verða jafnt og þétt að vinna sér inn einkunn.

Tímabil	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Mat
30. ágúst – 28. sept.  1. lota	<p><i>Stefnt er að því að nemendur geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- samið texta frá eigin brjósti og beitt ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.</li> <li>- valið og skrifað mismunandi textagerðir.</li> <li>- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun og mótað málsgreinar og efnisgreinar.</li> <li>- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi og valið sér lesefni til gagns og ánægju.</li> </ul>	<p><b>Ritun:</b></p> <p>Útikennsla, ljóðagerð og skapandi skrif, yfirferð texta og frágangur</p> <p><b>Yndislestur:</b> Bók að eigin vali</p>	<p>Safnmappa og sýnisverkefni</p> <p>Lestrarskráning</p> <p><b>Lestrarpróf</b></p>
1. - 26. okt.  2. lota	<p><i>Stefnt er að því að nemendur geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka.</li> <li>- nýtt sér upplýsingar úr handbókum og rafrænum orðabönkum.</li> <li>- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi og valið sér lesefni til gagns og ánægju.</li> </ul>	<p><b>Málfræði:</b></p> <p><i>Málið í mark</i></p> <p><i>Málvísir</i></p> <p>Uppflettirit á netinu s.s. Beygingarlýsing íslensks nútímamáls og Snara</p> <p><b>Yndislestur:</b> Bók að eigin vali</p>	<p>Málfræðikönnun I</p> <p>Lestrarskráning</p>
29. okt.-30. nóv.  3. lota	<p><i>Stefnt er að því að nemendur geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.</li> <li>- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi og valið sér lesefni til gagns og ánægju.</li> <li>- tjáð sig skýrt og áheyrilega.</li> <li>- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</li> <li>- greint og notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um auglýsingar.</li> </ul>	<p><b>Bókmenntir:</b></p> <p><i>Gísla saga</i></p> <p><i>Logar, 4. kafli</i></p> <p><b>Fréttir – lestur og ritun:</b></p> <p>Lestur fréttamiðla, útdrættir, flutningur og ritun</p> <p><b>Yndislestur:</b> Bók að eigin vali</p>	<p>Verkefnavinna og lokaverkefni</p> <p>Safnmappa</p> <p>Lestrarskráning</p> <p><b>Lesskilningskönnun</b></p>

<p><b>3.-13.des. og</b></p> <p><b>4.-18. jan.</b></p> <p><b>4. lota</b></p>	<p><i>Stefnt er að því að nemendur geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.</li> <li>- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka.</li> <li>- nýtt sér upplýsingar úr handbókum og rafrænum orðabönkum.</li> <li>- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi og valið sér lesefni til gagns og ánægju.</li> </ul>	<p><b>Málfræði og málnotkun:</b></p> <p><i>Málið í mark</i></p> <p><i>Logar, 5. kafli</i></p> <p><i>Málvísir</i></p> <p>Uppflettirit á netinu s.s. Beygingarlýsing íslensks nútímamáls og Snara</p> <p><b>Yndislestur:</b> Bók að eigin vali</p>	<p>Málfræðikönnun II</p> <p>Verkefni</p> <p>Lestrarskráning</p> <p><b>Lestrarpróf</b></p>
<p><b>21. jan. – 28. feb.</b></p> <p><b>5. lota</b></p>	<p><i>Stefnt er að því að nemendur geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.</li> <li>- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi og valið sér lesefni til gagns og ánægju.</li> <li>- tjáð sig skýrt og áheyrilega.</li> <li>- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</li> </ul>	<p><b>Bókmenntir:</b></p> <p><i>Korkur saga, Nornadómur</i></p> <p><i>Logar, 7. kafli</i></p> <p><b>Yndislestur:</b> Bók að eigin vali</p>	<p>Verkefnavinna og lokaverkefni</p> <p>Lestrarskráning</p>
<p><b>1. mars – 11. apríl</b></p> <p><b>6. lota</b></p>	<p><i>Stefnt er að því að nemendur geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- valið og skrifað mismunandi textagerðir.</li> <li>- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun og mótað málsgreinar og efnisgreinar.</li> <li>- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi og valið sér lesefni til gagns og ánægju.</li> <li>- tjáð sig skýrt og áheyrilega.</li> </ul>	<p><b>Leikrit, kvikmyndir, bókmenntir</b></p> <p><i>Logar, 6. Kafli</i></p> <p><i>Efni frá kennara</i></p>	<p>Verkefnavinna</p> <p>Lestrarskráning</p>

<p><b>23. apríl – 24. maí</b></p> <p><b>7. lota</b></p>	<p><i>Stefnt er að því að nemendur geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.</li> <li>- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka.</li> <li>- nýtt sér upplýsingar úr handbókum og rafrænum orðabönkum.</li> <li>- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi og valið sér lesefni til gagns og ánægju.</li> </ul>	<p><b>Málfræði og málnotkun:</b></p> <p><i>Málið í mark</i></p> <p><i>Ýmis verkefni frá kennara</i></p> <p><i>Málvísir</i></p> <p>Uppflettirit á netinu s.s. Beygingarlýsing íslensks nútímamáls og Snara</p> <p><b>Yndislestur:</b> Bók að eigin vali</p>	<p>Málfræðikönnun III</p> <p>Lestrarskráning</p> <p><b>Lestrarpróf</b></p>
---	--	--	--

Birt með fyrirvara um breytingar.